

Hampiðjan hf.

Ársreikningur 2004

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit:	Bls.
Áritun stjórnenda.....	1
Áritun endurskoðenda.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4 - 5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 13

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Flatahrauni 3
Hafnarfirði

Skýrsla stjórnar og áritun á ársreikninginn

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaganna Balmar Fios Ida. í Portúgal, Hampidjan Namibia Ltd. í Namibíu, Hampidjan New Zealand Ltd. á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA Ltd. í Bandaríkjunum, Swan - Net Gundry Ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku, Hampidjan Norge Ltd. í Noregi, Rope Net and Twine Ltd. í Kanada, Hampidjan Danmark a/s í Danmörku, Hampidjan Baltic í Litháen, Otter Ultra Low Drag Ltd. Cayman, Fjarðaneta hf. á Íslandi, Tben ehf. á Íslandi og Candís ehf. á Íslandi.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 4.392 milljónir króna en árið áður voru sölutekjur kr. 4.386 milljónir. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 537, en voru 533 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 1.336 milljónum, þar af voru 174 milljónir launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 276 milljónir króna en var árið áður kr. 160 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar voru kr. 6.368 milljónir í árslok. Eigið fé var 2.667 milljónir í árslok en af þeirri upphæð eru kr. 476 milljónir hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 42% í árslok. Hlutfé í félagsins í árslok var kr. 500 milljónir. Síðasta skráða viðskiptagengi með hlutabréf félagsins á sl. ári var 6,1.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 321 í árslok, en var 375 í ársbyrjun. Í árslok átti Vogun hf. 28,5% af hlutfé félagsins, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 áttu 14,6%, en aðrir hluthafar áttu minna en 10%.

Stjórn Hampiðjunnar hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í reglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 12% arður til hluthafa á árinu 2005, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfunar hagnaðar.

Stjórn Hampiðjunnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík 11. mars 2005

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurður Egill Guttormsson

Sigurgeir Guðmannsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Áritun endurskoðenda

Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga fyrir árið 2004. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 35. Samstæðuársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í samstæðuársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð samstæðuársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga dótturfélaga, að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 11. mars 2005

PricewaterhouseCoopers hf

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýringar	2004	2003
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta.....		4.299.516	4.366.023
Aðrar tekjur.....	20	93.007	20.038
		4.392.523	4.386.061
Rekstrargjöld			
Hráefni og birgðabreyting afurða.....		1.960.407	2.059.306
Vinnulaun við framleiðslu.....		812.296	840.662
Önnur rekstrargjöld.....		1.123.860	1.066.388
		3.896.563	3.966.356
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir			
Afskriftir fastafjármuna.....	20	495.960	419.705
		(194.648)	(179.325)
Rekstrarhagnaður			
		301.312	240.380
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	18	(19.965)	(89.213)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	24	57.682	75.819
		37.717	(13.394)
Hagnaður fyrir skatta			
		339.029	226.986
Tekju- og eignarskattur.....	30	(26.197)	(17.118)
Hagnaður eftir skatta			
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga.....		312.832	209.868
		(36.863)	(49.736)
Hagnaður ársins			
		275.969	160.132

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir

	Skýr.	2004	2003
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild.....	19	194.156	217.055
Einkaleyfi.....	19	219.848	0
		414.004	217.055
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir.....	20,22	1.135.181	1.702.283
Vélar, áhöld og tæki.....	20	800.909	878.981
		1.936.090	2.581.264
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	23-25	904.705	805.948
Skuldabréf og langtímakröfur.....		177.113	170.159
		1.081.818	976.107
Fastafjármunir samtals		3.431.912	3.774.426
Veltufjármunir			
Birgðir.....	26	1.577.353	1.486.455
Viðskiptakröfur.....	27	866.355	922.799
Óinnheimt vegna sölu fasteigna.....	20	355.000	0
Aðrar skammtímakröfur.....		43.265	40.413
Handbært fé.....	12	93.866	432.966
		2.935.839	2.882.633
Eignir samtals		6.367.751	6.657.059

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2004	2003
Eigið fé			
Hlutfé.....	28	499.792	499.792
Annað eigið fé.....	29	1.691.381	1.539.678
Eigið fé móðurfélags	29	2.191.173	2.039.470
Hlutdeild minnihluta.....		475.566	476.474
Eigið fé samtals		2.666.739	2.515.944
Skuldir og skuldbindingar			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding.....	30	197.955	206.703
Langtímaskuldir:			
Langtímaskuldir.....	31	2.024.203	2.214.661
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir.....		488.199	720.682
Viðskiptaskuldir.....		758.667	748.748
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	31	231.988	250.321
		1.478.854	1.719.751
Skuldir og skuldbindingar samtals		3.701.012	4.141.115
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		6.367.751	6.657.059

Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar..... 32-34

Sjóðstreymi ársins 2004

	Skýringar	2004	2003
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins.....		275.969	160.132
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	20	194.648	179.325
Hækkun (lækkun) tekjuskattsskuldbindingar.....	30	(11.600)	(19.996)
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum og -kröfum.....		(114.518)	14.577
Áhrif hlutdeildarfélaga.....		(45.611)	(55.988)
Hagnaður af sölu eigna.....		(93.007)	(2.587)
Veltufé frá rekstri		205.881	275.463
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) skammtímakrafna.....		44.240	237.355
Lækkun (hækkun) birgða.....		(84.429)	22.468
(Lækkun) hækkun skammtímaskulda.....		(127.915)	(261.357)
Handbært fé frá rekstri		37.777	273.929
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum.....		(83.365)	(247.197)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting.....		(8.333)	5.191
Keypt einkaleyfi.....	7	(189.357)	0
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....	20	(203.523)	(105.949)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	20	408.631	18.123
		(75.947)	(329.832)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, hækkun (lækkun).....		(211.399)	(188.491)
Tekin ný langtímalán.....	31	396.328	938.606
Afborgun langtímalána.....	31	(435.880)	(385.954)
Eigin hlutabréf, breyting.....		0	22.667
Arður greiddur til hluthafa.....	29	(49.979)	(49.412)
		(300.930)	337.416
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		(339.100)	281.513
Handbært fé í byrjun árs.....		432.966	151.453
Handbært fé í lok ársins.....		93.866	432.966

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hefur að geyma reikningsskil samstæðunnar. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir, sem í öllum meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.
2. Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Ársreikningur samstæðu

3. Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. innifelur ársreikninga Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga hennar. Dótturfélögin eru: Balmar Fios Portúgal, Cosmos Trawl Danmörku, Hampidjan USA, Hampidjan Namibia, Hampidjan New Zealand, Hampidjan Norge, Swan Net Gundry Írlandi, Rope Net and Twine Kanada, Hampidjan Danmark, Hampidjan Baltic Litháen, Otter Ultra Low Drag Cayman, Fjarðanet hf. Íslandi, Tben ehf. Íslandi og Candís ehf. Íslandi.

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar inniheldur í fyrsta sinn dótturfélögin Otter Ultra Low Drag Cayman og Candís ehf. Íslandi.

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hafa á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færir til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra félaga í samstæðunni en innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Rekstrartekjur og -gjöld erlendu dótturfélaganna eru færð á meðalgengi ársins. Þýðingarmunur vegna yfirfærslu reikningsskila erlendra dótturfélaga í íslenskar krónur er færður á sérstakan reikning meðal eiginfjárliða.

Í reikningsskilum samstæðunnar eru notaðir endurskoðaðir ársreikningar dótturfélaganna, utan reikningsskila Hampidjan USA, en þar er notað uppgjör félagsins sem er óendurskoðað.

Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

4. Verðtryggðar eignir og skuldir eru uppreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2005. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda móðurfélagsins er færður í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

5. Tekjufærsla sölu er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Viðskiptavild

6. Viðskiptavildin er tilkomin vegna kaupa Swan Net á Gundrys á árinu 2002, vegna kaupa á Cosmos á árinu 2001, vegna viðbótar viðskiptavildar í Swan Net Gundrys 2003 og 2004 og vegna Fjarðanets hf. árið 2004. Afskriftartími viðskiptavildar er allt að 20 ár.

Einkaleyfi

7. Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er lúta að nýtingu þanorku í veiðarfærum þegar þau eru dregin í sjó. Afskriftartími einkaleyfanna er áætlaður 16 ár.

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kaupverði að frádregnum afskriftum, þó með því fráviki að kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna sem keyptir voru árið 2001 og fyrr, hefur verið framreiknað til árslokaverðlags 2001. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendu dótturfélaganna eru eignfærðir miðað við gengi í lok ársins. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af kaupverði miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími og niðurlagsverð greinist þannig:

	Nýtingartími	Niðurlagsverð
Fasteignir.....	20 - 100 ár	10%
Vélar og áhöld.....	4 - 12 ár	0 - 12%

Eignarhlutir í öðrum félögum

9. Eignarhlutir HB Granda hf. og Vaka DNG hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Eignarhlutirnir eru færðir til eignar með þeirri fjárhæð er svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarféлага er færð í rekstrarreikning. Aðrir eignarhlutir eru færðir á framreiknuðu kaupverði til ársloka 2001, en án framreiknings eftir það.

Birgðir

10. Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstandur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna.

Skammtíma- og langtímakröfur

11. Skammtíma- og langtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Handbært fé

12. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Tekjuskattsskuldbinding

13. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2004	2003
Laun.....	1.162.324	1.135.541
Launatengd gjöld.....	173.969	147.642
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>1.336.293</u>	<u>1.283.183</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu.....	537	533

Starfskjör stjórnenda

15. Starfskjör stjórnenda móðurfélagsins vegna starfa fyrir félagið og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig

	Föst laun, hlunnindi og afkomu- tengd laun	Eignarhlutur í árslok
Forstjóri.....	20.688	0
Stjórnarformaður.....	1.350	20.000
Fjórir aðrir stjórnarmenn.....	1.800	31.664
Skoðunar- og varaskoðunarmaður.....	337	8.204
Fjórir framkvæmdastjórar.....	30.742	0
	<u>54.917</u>	<u>59.868</u>

Bónussamningar

16. Gerðir hafa verið samningar við nokkra lykilstjórnendur félagsins um bónusgreiðslur sem taka mið af gengi hlutabréfa Hampiðjunnar á hlutabréfamarkaði. Bónusarnir geta numið allt að 7% af verðmættaukningu félagsins og kæmu til greiðslu á árunum 2006 til 2008.

Þóknun til endurskoðenda

17. Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar greinist þannig.

Endurskoðun ársreiknings.....	11.854
Könnun árshlutareikninga.....	6.441
Önnur þjónusta.....	<u>3.183</u>
Þóknun til endurskoðenda samtals.....	21.478
Þar af til endurskoðenda dótturfélaga.....	15.127

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

18. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:	2004	2003
Vextir, verðbætur og gengismunur langtímaskulda.....	20.575	(61.146)
Vaxtagjöld skammtímaskulda að frádrögnum vaxtatekjum.....	(42.308)	(22.792)
Fenginn arður, söluhagnaður (tap) hlutabréfa.....	<u>1.768</u>	<u>(5.275)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<u>(19.965)</u>	<u>(89.213)</u>

Fastafjármunir

Óefnislegar eignir

19. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Einkaleyfi	Samtals
Staða í byrjun árs.....	217.055		217.055
Viðbætur á árinu.....	6.771	244.680	251.451
Gengismunur.....	(14.521)	(13.988)	(28.509)
Afskrifað á árinu.....	<u>(15.149)</u>	<u>(10.844)</u>	<u>(25.993)</u>
Staða í lok ársins.....	194.156	219.848	414.004

Varanlegir rekstrarfjármunir

20. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	2.284.474	2.230.358	4.514.832
Gengismunur.....	(68.437)	(65.143)	(133.580)
Viðbót á árinu.....	154.818	258.611	413.429
Selt og niðurlagt á árinu.....	(1.041.545)	(845.897)	(1.887.442)
Stofnverð í lok ársins.....	1.329.310	1.577.929	2.907.239
Afskrifað áður.....	575.746	1.346.451	1.922.197
Gengismunur.....	(10.317)	(39.142)	(49.459)
Selt og niðurlagt á árinu.....	(408.617)	(661.627)	(1.070.244)
Afskrifað á árinu.....	37.317	131.338	168.655
Afskrifað samtals.....	194.129	777.020	971.149
Bókfært verð í lok ársins.....	1.135.181	800.909	1.936.090

Fasteignir félagsins að Bíldshöfða 9 og Súðarvogi 4 voru seldar í lok ársins. Söluverð fasteignanna var kr. 730 milljónir og söluhagnaður var kr. 104 milljónir. Söluhagnaðurinn að frádregnu sölutapi annarra varanlegra rekstrarfjármuna er færður meðal annarra rekstrartekna í rekstrarreikningi.

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	168.655
Afskrift óefnislegra eigna.....	25.993
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi.....	194.648

	Vátryggingar- fjárhæð	Bókfært verð
21. Vélar, áhöld og tæki greinast þannig.....	1.889.000	800.909

Vátryggingarupphæðin er miðuð við endurkaupsverð sambærilegra véla, áhalda og tækja.

22. Fasteignir greinast þannig:

	Vátryggingar- fjárhæð	Bókfært verð
Fasteignir á Íslandi.....	465.024	165.900
Fasteignir og lóð Swan Net - Gundry Ltd, Írland.....	311.875	287.961
Verksmiðjubygging í Pombal, Portúgal.....	100.830	72.796
Fasteign í Walvis Bay, Namibíu.....	18.241	33.253
Fasteignir í Hirtshals og Skagen, Danmörku.....	282.361	282.361
Fasteign í Siauliai, Litháen.....	246.081	292.910
Samtals.....	1.424.412	1.135.181

Eignarhlutir í öðrum félögum

23. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Bókfært verð
HB Grandi hf.....	8,7%	741.432
Vaki - DNG hf.....	25%	20.278
Scandsea AB.....	1%	46.446
Set ehf.....	8%	7.528
Fiskeldi Eyjafjarðar hf.....		7.554
Netagerð Aðalsteins ehf.....	20%	6.000
Samherji hf.....		29.638
Síldarvinnslan hf.....		14.615
Net Services Shetland Ltd.....	21%	27.005
Fiskmarkaður Íslands hf.....		759
Önnur félög.....		3.450
Eignarhlutir samtals		<u>904.705</u>

24. Hlutdeildarfélög greinast þannig:

	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð eignarhluta
HB Grandi hf.....	57.142	741.432
Vaki DNG hf.....	540	20.278
Samtals	<u>57.682</u>	<u>761.710</u>

Á árinu var keypt hlutafé í HB Granda hf. fyrir kr. 74 milljónir.

25. Bókfært verð hlutabréfa í ársreikningnum sem skráð eru í Kauphöll Íslands er kr. 772 milljónir en markaðsverðmæti þeirra miðað við síðasta skráða viðskiptagengi í lok ársins er kr. 1.224 milljónir. Eignarhlutirnir eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð eða kostnaðarverðsaðferð.

	Nafnverð	Bókfært verð	Markaðsverð
Staða í ársbyrjun.....	160.928	688.169	978.678
Keypt hlutabréf í HB Granda hf.....	11.000	73.700	73.700
Breyting færð í rekstrareikning á árinu.....		57.682	
Fenginn arður á árinu.....		(16.449)	(16.449)
Gengismunur á árinu.....		1.993	
Félög afskráð úr Kauphöllinni.....	(19.990)	(33.125)	(29.077)
Hækkun markaðsverðs skráðra hlutabréfa.....			217.050
Staða í lok árs.....	<u>151.938</u>	<u>771.970</u>	<u>1.223.902</u>

Veltufjármunir**Birgðir**

26. Birgðir sundurliðast þannig:

Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir.....	1.370.273
Vörur í vinnslu.....	34.813
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu.....	172.267
Birgðir samtals.....	<u>1.577.353</u>

Viðskiptakröfur

27. Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 50 milljónir í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

Niðurfærsla í byrjun árs.....	90.555
Endanlega tapaðar kröfur á árinu.....	(30.990)
Breyting niðurfærslu á árinu.....	(9.126)
Niðurfærsla í lok ársins.....	<u>50.439</u>

Eigið fé

28. Nafnverð hlutafjár félagsins greinist þannig:	
Hlutafé samkvæmt samþykktum.....	500.000
Eigið hlutafé.....	(208)
Samtals	<u>499.792</u>

29. Yfirlit yfir eigið fé

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári.....	499.792	62.466	95.374	(20.549)	1.402.387	2.039.470
Arður til hluthafa.....					(49.979)	(49.979)
Hagnaður ársins.....					275.969	275.969
Áhrif hlutdeildarféлага...					1.993	1.993
Þýðingarmunur.....				(76.280)		(76.280)
Samtals	<u>499.792</u>	<u>62.466</u>	<u>95.374</u>	<u>(96.829)</u>	<u>1.630.370</u>	<u>2.191.173</u>

Skuldir og skuldbindingar**Tekjuskattsskuldbinding**

30. Breyting á tekjuskattsskuldbindingu sundurliðast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs.....	206.703
Breyting á mati frestaðs tekjuskatts vegna eignarhluta í félögum.....	(15.454)
Tekjuskattur ársins.....	40.041
Gengismunur.....	(14.786)
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári.....	(18.549)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins.....	<u>197.955</u>

Langtímaskuldir

31. Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir	Upphæð
Verðtryggð lán í íslenskum krónum.....	6,0%	188.413
Í erlendum gjaldmiðlum:		
Lán í USD.....	3,4%	362.509
Lán í JPY.....	1,3%	59.690
Lán í EUR.....	3,8%	1.321.678
Lán í CHF.....	2,0%	149.057
Lán í DKK.....	6,8%	174.844
		<u>2.067.778</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afb.....		2.256.191
Næsta árs afborgun.....		(231.988)
Langtímaskuldir samtals.....		<u>2.024.203</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í lok ársins.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2005.....	231.988
Árið 2006.....	249.202
Árið 2007.....	245.866
Árið 2008.....	219.749
Árið 2009.....	163.786
Síðar.....	1.145.600
Samtals	<u>2.256.191</u>

Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

32. Á eignum samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum að upphæð kr. 2.410 milljónum. Bókfært verð veðsettra eigna sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	Bókfært verð	Veðsetning
Fasteignir.....	1.010.851	1.028.442
Hlutabréf.....	560.062	772.216
Birgðir og viðskiptakröfur.....	431.084	609.751
Samtals	<u>2.001.997</u>	<u>2.410.409</u>

33. Hampiðjan hf. ábyrgist greiðslu veðskuldabréfa er fengust við sölu fasteignanna Stakkholts 2 - 4 og Stakkholts 3, sem seld voru árið 1994. Uppreiknaðar eftirstöðvar þeirra með áföllnum vöxtum í lok ársins eru kr. 120 milljónir. Síðasti gjalddagi bréfanna er í maí 2007. Skuldabréfin eru tryggð með 1. til 3. veðrétti fasteignanna. Skuldabréfin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti.
34. Móðurfélagið hefur ábyrgst greiðslu langtímaláns og skammtímalána dótturfélagsins Cosmos Trawl sem það tók hjá Jyske Bank á Jótlandi. Upphæð lánanna er kr. 129 milljónir í lok ársins. Einnig ábyrgist móðurfélagið greiðslu langtímalána dótturfélagsins Hampiðjan Baltic að upphæð kr. 250 milljónir í lok ársins.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

35. Félagið mun í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila frá og með árinu 2005. Félagið hefur hafið undirbúning að þessum breytingum en ekki liggur fyrir hve mikil áhrif þær geta haft á bókfært eigið fé félagsins.